



Stjórnarfundur UMF Samherja

Fundarboðandi:	Indíana Ósk Magnúsdóttir	Fundarstaður:	Hrafnagilsskóli
Fundarstjóri:	Indíana Ósk Magnúsdóttir	Dagsetning:	28.03 2012
Fundarritari:	Karl Karlsson	Fundartími:	21.00 – 22.15
Gerð fundar:	Fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar		

Þátttakendur: Stjórnarmenn: Einar Geirsson, Indíana Ósk Magnúsdóttir, Karl Karlsson, Lilja Rós Rögnvaldsdóttir, Sigurður Eiríksson.
Varamenn í stjórn: Pétur Elvar Sigurðsson, Valgerður Jónsdóttir.

Dagskrá

1. Skipan í embætti stjórnar og setutímabil.
2. Skipan tengiliða við Íþróttagreinar
3. Páskaeggjalottó
4. Tengiliðir vegna undirbúnings Handverkshátíðar 2012
5. Önnur Mál

Ákvarðanir og umræður

1. Skipan embætta og setutímabil voru ákveðin eftirfarandi:
Formaður: Indíana Ósk Magnúsdóttir til tveggja ára
Gjaldkeri: Sigurður Eiríksson til eins árs
Ritari: Karl Karlsson til eins árs
Meðstjórnandi: Einar Geirsson til tveggja ára
Meðstjórnandi: Lilja Rós Rögnvaldsdóttir til tveggja ára
Varamaður: Pétur Elvar Sigurðsson til eins ára
Varamaður: Valgerður Jónsdóttir til eins árs
2. Skipan tengiliða við Íþróttagreinar verða eftirfarandi:
Sund: Lilja Rós Rögnvaldsdóttir
Badminton: Karl Karlsson
Knattspyrna: Indíana Ósk Magnúsdóttir
Frjálssar: Einar Geirsson
3. Páskaeggjalottó:
Ákveðið að undirbúningur og framkvæmd árlegs páskaeggjalottós verður í höndum LRR.
4. Tengiliðir vegna undirbúnings Handverkshátíðar 2012
Ákveðið að tengiliðir vegna aðkomu að undirbúningi og framkvæmd Handverkshátíðar verði SE, EG og IÓM.
5. Önnur Mál
 - a. Möguleg fjölgun Íþróttagreina á vegum Samherja:
Rætt var um hvaða íþróttagreinar kæmu helst til greina til að auka við möguleika til iðkunar á vegum Samherja og þótti helst koma til greina að kanna hvort áhugi og aðstæður séu til staðar til að taka upp æfingar í skák og borðtennis en ástæða þykir til að höfða til breiðs hóps iðkenda á öllum aldri og af báðum kynjum.

b. Upplýsingar á heimasíðu:

Ástæða þykir til að nota betur heimasíðu félagsins til upplýsingar um starfsemi Samherja á hverjum tíma, þ.m.t. að setja inn fundargerðir stjórnar svo þær séu öllum aðgengilegar.

c. Tenging stjórnar við foreldraráð íþróttagreina:

Stjórn á að sjá til þess að foreldraráð séu til staðar og munu tengiliðir hvers íþróttagreinar setja sig í samband við viðkomandi foreldraráð til að fara yfir stöðu mála og veita upplýsingar til stjórnar um virkni og störf ráðanna, þ.m.t. verkaskiptingu og tilhögun fjáraflana.

d. Skipulag starfa sumarsins hjá einstaka íþróttagreinum:

SE mun kanna stöðu mála varðandi samninga við þjálfara og stöðu mála varðandi skipulag sumarstarfsins. Ákveðið að formaður boði til fundar fyrir lok apríl til að fara sérstaklega yfir þennan lið.

e. Skipulag stjórnarfunda:

Áætlað er að halda reglulega stjórnarfundi á 4-6 vikna fresti allt eftir stöðu mála. Formaður mun annast boðun funda og verður varamönnum frjálst að sitja reglulega fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið

